Kristján Þór Júlíusson

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

11. ágúst 2021

Það var skoðun undirritaðra að 1.171 tonna hækkun á viðmiðun á þorski til strandveiða myndi nægja til að tryggja veiðar til ágústloka. Ráðuneytið var sama sinnis:

> *„Með þessari aukningu til strandveiða er ráðgert að strandveiðisjómönnum verði gert kleift að stunda veiðar út ágúst. Þá mun þessi viðbótarráðstöfun einnig jafna stöðu milli einstakra veiðisvæða þar sem á sumum svæðum er besti veiðitíminn í ágúst.*

Nú, aðeins þremur vikum síðar, blasir hins vegar við að einmuna veðurblíða og góð aflabrögð hafa farið saman og gert spár og væntingar að engu. Útlit er fyrir að veðrið haldist óbreytt út næstu viku. Gangi það eftir og sá guli jafn viljugur, verður viðmiðun í þorski náð um miðja vikuna. Þorskafli á dag að meðaltali 279 tonn þegar spá fyrir ágúst var 170-5 tonn.

Taflan sýnir samanburð á fyrstu 5 róðardögum í ágúst við sama tímabil sl. árs. Þrátt fyrir að nú séu 140 bátum fleira á miðunum, eykst meðalaflinn um 7,5% í hverjum róðri.

5 dagar í ágúst	Róðrar	Þorskur	pr.róður	Fjöldi
2021	2.194	1.394 Tonn	635 Kg	439 Bátar
2020	948	556 Tonn	591 Kg	298 Bátar
			7,5%	140 bátar

LS fer hér þess á leit við yður að þér komið að þessu máli þannig að ekki komi til stöðvunar áður en veiðitímabilinu lýkur.

Virðingarfyllst

Arthur Bogason formaður

Örn Pálsson framkvæmdastjóri